

Hópur/teymi:			
Fundur Vinnumálastofnunar með fjölmenningsfulltrúum			
Dagsetning 24.03.2026	Tími	Staður Súlur	Nr. fundar
Fundarstjóri Belinda		Fundarritari Sigrún	
Mætt voru VMST: Belinda, Sigrún, Soffía Gulmira (Vopnafjörður), Helga Guðrún (Hvolsvöllur) Hrefna Rún og Ásta Jóna (Akranes), Heiðrún (Borgarbyggð), Halldóra Kristín (Vík), Anna G (Hvalfjarðarsveit), Ólafur Þór (Reykholahreppur), Harpa (Ísafjörður), Henrike (Húnaþing)			

Dagskrá fundarins	
1	Belinda, Sigrún og Soffía kynntu sig. Þær starfa að málefnum innflytjenda hjá Vinnumálastofnun. Kynntar voru nýlegar breytingar á skipulagi, þar sem fjölmenningsdeild var sameinuð deild atvinnuráðgjafar og virkni. Ný deild heitir deild innflytjenda
2	Teams svæði Stofnað hefur verið sameiginlegt Teams svæði: General Fjölmennings í sveitarfélögum - VINNU Microsoft Teams Þar verður yfirlit yfir hvað er verið að gera, verkefni og áætlanir. Þetta verður lifandi skjal
3	Ný) Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029 Bíður samþykkis á Alþingi. Þar er lögð áhersla á: <ul style="list-style-type: none">Íslenskukennsla og samfélagsfræðsluVirkni og tækifæri á vinnumarkaði Ábyrgð VMSTUppbygging fjölbreyttrar og árangursríkrar upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendurFræðsluhlutverk Vinnumálastofnunar verði eftt
4	Landneminn: Er í endurskoðun. Verður uppfærður og aðgengilegur öllum innflytjendum.

Hringur farinn

Hrefna Rún (Akranes):

Mest hefur farið fyrir samræmdri móttöku flóttafólks (SMF). Eru að auglýsa viðburði sem Bókasafn / Rauði krossinn (Tölum íslensku) er með fyrir innflytjendur. Einnig hefur verið unnið með tómsundur barna af erlendum uppruna. Ekki sérstakt fjölmenningsráð.

Heiðrún (Borgarbyggð):

Mesti fókusinn hefur verið á SMF. Það er starfandi fjölmenningsráð. Unnið er að stefnu í málefnum innflytjenda og móttökuáætlun.

Halldóra Kristín (Vík):

Þar er starfandi enskumælandi innflytjendaráð. Halldóra er verkefnastjóri inngildingar og íslensku. Gott að hafa þennan vettvang hér með öðrum sveitarfélögum til að miðla upplýsingum og reynslu. Í Vík er mikil áhersla á málefni innflytjenda, enda eru 68% íbúa eru af erlendum uppruna. Um er að ræða að mestu leiti ungt folk sem þangað kemur til að vinna, 20-30 ára. [Móttökuáætlun](#) er í gildi og aðgengileg á heimasíðu. Áhersla á þáttöku barna af erlendum uppruna í tómsundum. Samstarf við Mími um íslenskukennslu. Þróun og greining var gerð á því sem vantar hjá fyrirtækjum sem eru með innflytjendur í vinnu. Vantar efni um menningarnæmi og inngildingu. [Notum málið](#) er verkefni sem er í gangi.

Helga Guðrún (Hvolsvöllur):

Eru með inn 34% íbúa af erlendum uppruna. [Móttökuáætlun](#) er í notkun. Einnig er öllum nýjum íbúum sent bréf. Héldu ókeypis íslenskunámskeið. Fjölmenningsráðið var haldin með Hellu í Maí, í annað skipti sem það er gert. Eru að vinna bækling vegna sveitarstjórnarkosninga framundan.

Hendrika (Húnaþing vestra):

2019 kom kvótaflóttafólk, eru með þrjár þrjár fjölskyldur núna, vel hefur verið haldið útanum þau. Hópur frá Póllandi sem hefur komið árstíðarbundið til að vinna. Það hefur verið áskorun að ná að halda íslenskunámskeið, þanig að fólk á sama level sé saman. Það vantar folk í umönnunarstörf, en þau þurfa að tala einhverja íslensku. Eru ekki með fjölmeningarráð eða móttökuáætlun fyrir sveitarfélagið. En í leikskóla og grunnskóla eru móttökuáætlanir í notkun

Hólmfríður (Vogar):

Um 60% nýrra íbúa í sveitarfélaginu eru innflytjendur. Þau fengu styrk fyrir verkefninu “Saman í samfélagi” frá Félagsmálaráðuneyti. Markvisst er verið að reyna að nálgast íbúa í sveitarfélaginu sem eru innflytjendur. Það hefur gengið vel að ná til barna og ungmenna af erlendum uppruna í gegnum félagsmiðstöðvar. Eru nú að reyna að ná til eldri borgara. Verið er að vinna fjölmeningarstefnu í sveitarfélaginu. Eru í samstarfi við RNB sem er með mjög virkt starf í málefnum innflytjenda.

Harpa (Ísafjörður):

Harpa er deildarstjóri félagsþjónustu. Mest áhersla hefur verið á SMF. Í sveitarfélaginu búa einstaklingar frá 28 löndum. Um 30-40% starfsfólks er af erlendum uppruna. Eru svo heppin að verkefnið “Gefum íslensku séns” hefur verið mjög virkt á Vestfjörðum. Háksólasetur með marga erlenda nemendur. Mikið hefur verið talað um fjölmeningarráð og kominn tími á að stofna það. Verið er að vinna að sameiginlegri fjölmeningaráætlun fyrir vestfirði. Reglulega eru haldin íslenskunámskeið í gegnum fræðslumiðstöð og stéttarfélag styrkja fólk til íslenskunáms. Eru mikið að nota “Bara tala” appið, margir nota það daglega

Gulmira (Vopnafjörður):

Gulmira starfar sem fjölmeningarfulltrúi. Ýmis fjölmeningarleg verkefni hafa verið unnin með börnum í leikskólanum, enda eru mörg þeirra af erlendum uppruna. Hjá Brim fiskvinnslufyrirtæki eru margir innflytjendur í vinnu, sumir koma tímabundið en aðrir í lengjast sem íbúar sveitarfélagsins til lengri tíma.

Ólafur Þór (Reykholahreppur):

Vestfirðir vinna að sameiginlegri stefnu í fjölmeningarmálum. Um 20% íbúa á svæðinu eru af erlendum uppruna. Sérstaða svæðisins er að það er stórt, fáir íbúar og mörg sveitarfélög. Margir fámennir byggðakjarnar. Ólík staða í málefnum innflytjenda á ólíkum stöðum. Binda vonir við sameiginlega stefnu, mikið verk að vinna.

